

117. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 28/9 2017 kl: 14:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Einar Bárðarson, Elín Heiða Valdsdóttur og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins og Árni Jónasson fulltrúi starfsmanna. Forföll boðuðu Sigurður Árnason og Sigurlaug Jónsdóttir. Ekki tókst að fá varamenn í þeirra stað

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Farið yfir fundargerð fundar 116. Eftir er að ganga frá samstarfssamningi milli Klausturhóla og Skaftárhrepps um þá þjónustu sem Skaftárhreppur veitir hjúkrunarheimilinu í dag. Einnig er eftir að útbúa starfslýsingu fyrir starfandi hjúkrunarfræðing á Klausturhólum.
2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra  
Mönnun er góð á hjúkrunarheimilinu eins og er.  
Allir starfsmenn eru í húsnæði eins og staðan er núna en einhverjir starfsmenn eru í bráðabirgðahúsnæði.  
My time plan, samþykkt að hjúkrunarforstjóri innleiði kerfið og komi því í fulla notkun fyrir áramót. Fastur kostnaður er 1300 kr +vsk á stöðugildi. Kerfið er ætlað til að skipuleggja og ganga frá vöktum starfsmanna og einnig er kerfið tengt launakerfi heimilisins. Samþykkt að vísa í fjárhagsáætlunar 2018.  
Viðhald húsnæðis. Í ljós hefur komið leki á þaki og gluggum á hjúkrunarheimilinu í þeim miklu rigningum sem hafa verið í haust. Samþykkt að skoða hvað þarf að gera og fara í nauðsynlegar úrbætur og vísa til fjárhagsáætlunar ársins 2018 sé þess þörf.  
Heilbrigðiseftirlitið kom í eftirlitsferð og gerði engar athugasemdir við heimilið.
3. Sandra Brá fer yfir 8 mánaða rekstrarstöðu  
Laun og launakostnaður er á áætlun og er rekstur heimilisins á áætlun. Rekstrarnefnd þakkar Hjúkrunarforstjóra og starfsfólki fyrir störf sín við heimilið.
4. Uppgjör lífeyrisskuldbindinga. Sandra fer yfir bréf frá Talnakönnun hf dagsett 25/9 2017. Ríkið hefur ákveðið að yfirtaka 97% áfallinna lífeyrisskuldbindinga lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hjá Klausturhólum. Samkvæmt bréfinu mun uppgjör Klausturhóla á lífeyrisskuldbindingum verða 2.030 þús kr og er það 3% af áföllnum skuldbindingum heimilisins miðað við 31.maí 2017.
5. Húsnæðismál.

Hjúkrunarheimilinu vantar langtíma húsnæði fyrir starfsfólk. Velunnarasjóður Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla er að vinna í húsnæðismálum og eru tillögur á viðræðustigi.

*Handwritten signatures:*  
A.S.  
E.H.

Fleira ekki gert á fundi. Fundi slitið kl 15:40

Kjartan Magnússon

Kjartan Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir

Elín Heiða Valsdóttir

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson